

Nd.

266. Frumvarp til laga

[168. mál]

um lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflytninga, og á íslensk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélag yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegs-
manna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátttöku samkvæmt þessari málsgrein skal þó veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skriflega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tímabils. Þá skulu sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, vera utan við sjóðinn, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Enn fremur

er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf, er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga menn, sem lögskráðir eru á íslensk skip og eiga ekki aðild að lífeyrissjóði samkv. 1. eða 2. málsg. Enn fremur er henni heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum. Sömuleiðis er stjórninni heimilt að leyfa útgerð að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Réttindi þau, er sjóðfélagar öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til ellí-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðarbygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið. í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

8. gr.

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna. Telji stjórnin tilefni til, skal hún láta slíka athugun fara fram, áður en 5 ár eru liðin frá næsta uppgjöri á undan.

Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega, hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppbætur á ellí-, örorku- og makalífeyri, sbr. 16. gr. Skal hann gera tillögur um, að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana

sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris, er að ofan greinir.

Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

9. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

10. gr.

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum, sbr. 2.—4. málsg., og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á skipum, sem 2. málsg. 2. gr. tekur til, skulu á árinu 1973 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr. 40 480.00
Fyrir 1. stýrimann og 1. vélstjóra	— 36 440.00
Fyrir 2. stýrimann, 2. og 3. vélstjóra, netamann og matsvein	— 32 380.00
Fyrir háseta	— 28 340.00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur hækkað frá árslokum 1972, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðir reiknaðar í heilum tugum króna.

Stjórn sjóðsins ákveður, hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsg. 2. gr.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga, annarra en þeirra, sem nefndir eru í 2. og 3. málsg., skulu reiknuð af heildarlaunum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Ef kauptryggingartímabil eru tilgreind í kjarasamningi, skulu skil til sjóðsins eiga sér stað innan 30 daga frá lokum hvers slíks tímabils. Heimilt er sjóðstjórn að innheimta frá gjalddaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því, er þau féllu í gjalddaga.

Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðstjórnar. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Iðgjöld þeirra, sem veitt er heimild til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsg. 2. gr., skulu greidd mánaðarlega eftir á, nema sjóðstjórn ákveði annað. Telst gjalddagi 1. næsta mánaðar, og gilda ákvæði 5. málsg. um vexti, ef vanskil verða. Nú hafa slík iðgjöld ekki borist í 6 mánuði, og telst þá hlutaðeigandi sjóðfélagi vera lættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

11. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxa Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt, skal hann að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsg. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangsverða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. málsg., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 18. gr.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr. og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.7.

Heimilt er sjóðfélagi, sem stundað hefur sjómennsku 25 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur, og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris, þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Sé ellilífeyrir tekinn fyrr en frá 65 ára aldri, lækkar upphæð hans um 0.3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsg., og gert var við fyrri úrskurð.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu 5 almanaksárin fyrir orkutapið, þó ekki fleiri ár en hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Telji sjóðstjórnin þetta 5 ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímenn. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfingis eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsg.

Skyllt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár.

Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Enn fremur skal ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans, ef tryggingayfir-læknir telur ekkjuna vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Heimilt er sjóðstjórn að greiða ekkli, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, allt að þeim lífeyri, sem ekkja ætti rétt á samkvæmt 2. málsg., ef eins stæði á, enda hafi ekkillinn skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi teljist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsg. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 12 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsg. 13. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsg. 13. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagan að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

15. gr.

Nú andast sjóðfélagi, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóð-

félagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samantlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er barnalífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap þeirra er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinær sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

16. gr.

Nú verður hækkun á kaupaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. málsg. 11. gr., eftir að lífeyrir samkvæmt 12., 13. og 14. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um, hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Heimilt er að láta slíka breytingu taka að nokkru eða öllu leyti til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum eldri laga, sbr. 1. og 3. málsg. 23. gr. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki, sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 8. gr. Uppbætur, sem ákveðnar hafa verið í samræmi við tillögur tryggingafræðings, falla ekki niður, þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir.

17. gr.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlast samantlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

18. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreiddan iðgjaldshluta launþega (4% iðgjald), sem hann hefur greitt til sjóðsins, með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 9 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 11. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá þessum skilyrðum, ef sjóðfélagi á lögheimili erlendis.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna sjóðfélaga, sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsg. 11. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

19. gr.

Nú verður undirmaður á farskipi yfirmaður á farskipi, og flyst hann þá úr sjóðnum í lífeyrissjóð hlutaðeigandi útgerðarfélags eða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 1. málsg. 2. gr., og skal þá sjóðurinn greiða sjóði þeim, er farmaðurinn flyst til, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt sjóðnum og greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, ásamt vöxtum.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. málsg., sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir þeim reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun, svo sem að fram- an greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endur- kaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og í þessum lögum.

Fé, sem yfirfært kann að verða úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

20. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa verið staðfestir af ráðherra.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Oheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

Sjóðfélagar í starfi í árslok 1972 skulu eiga þess kost, að lífeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1973.

Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1972, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau voru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsg.

Lífeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk, fyrir árslok 1973 að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lífeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lífeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

24. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1973. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971, sbr. 11. gr. og 2. málsg. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 og árið 1974 við grundvallarlaun 1969—1973. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsg. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsg. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt. Frumvarp þetta er samið af Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, og hér fer á eftir greinargerð hans um það.

A. Almennar athugasemdir.

Með bréfi, dags. 12. september 1968, fól félagsmálaráðuneytið mér með skírskotun til þingsályktunar Alþingis frá 17. apríl 1968 að annast endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómannna og undirmanna á farskipum, og skyldi sú endurskoðun gerð í samráði við hlutaðeigandi samtök og sjóðstjórn. Var verk þetta hafið í nóvembermánuði 1968, en skömmu síðar hófust viðræður útvegsmanna og bátasjómannna um aðild hinna síðarnefndu að sjóðnum, og náðist samkomulag um það efni milli þessara aðila í febrúar 1969. Vegna óvissu um, hvernig aðild bátasjómannna yrði háttað og hverjar breytingar þyrfti að gera á lögum sjóðsins í því sambandi, var endurskoðuninni slegið á frest, en nefnd skipuð til að semja lagafrumvarp, er lyti aðild bátasjómannna að lífeyrissjóði.

Með lögum nr. 59 1970 var lögum sjóðsins breytt með tilliti til aðildar bátasjómannna, og jafnframt var nafni hans breytt í Lífeyrissjóð sjómanna. Meginmál laga nr. 59 1970 var síðan fellt inn í lög nr. 78 1962, sbr. núgildandi lög nr. 78 frá 10. ágúst 1970 um lífeyrissjóð sjómanna.

Vegna ákvæða í 2. málsg. 3. gr. laganna um heimild fyrir bátasjómenn í einstökum byggðarlögum eða landshlutum til undanþágu frá þátttöku í sjóðnum, hefur ekki fyrr en á yfirstandandi ári fengist heildaryfirsýn um, hvernig lífeyrisréttindum sjómanna er háttað. Staðir, þar sem enn er óvissa um það efni, munu hins vegar nú teljast til undantekninga, og lausn lífeyrissjóðsmála þar getur vart haft áhrif á heildarendurskoðun laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Er því ekki ástæða til, að aðild bátasjómannna hafi í för með sér frekari frestun á þeirri endurskoðun.

Í samræmi við það, sem í áður nefndri þingsályktun segir um samráð við sjóðstjórn, hef ég átt allmarga fundi með stjórninni um verkefni þetta. Þeir stjórnarmenn, sem tilnefndir eru af samtökum sjómanna og útgerðarmanna, hafa jafnframt verið fulltrúar hlutaðeigandi samtaka við endurskoðunina, en að auki hef ég rætt við fulltrúa einstakra félaga sjómanna, sem þess hafa óskað. Þá hefur stjórn sjóðsins vísað til mín erindum, sem henni hafa borist um breytingar á lögum hans, og verður nú nánar að þeim vikið í athugasemdom við einstakar greinar.

Í þingsályktuninni var gert ráð fyrir, að væntanlegar lagabreytingar miðuðust við, að sjóðfélögum yrði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta. Þótt samanburður sé að því leyti erfiður, að hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins miðast iðgjöld og lífeyrisgreiðslur (að undanskildum barnalífeyri) við föst laun, en hjá Lífeyrissjóði sjómanna er miðað við heildartekjur togarasjómanna og farmanna og tilteknar fjárhæðir, svipaðar kauptryggingu, þegar bátasjómenn eiga í hlut, er ekki vafi á, að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir miklum mun betri tryggingu en Lífeyrissjóður sjómanna. Í því efni skiptir verðtrygging lífeyris fyrrnefnda sjóðsins höfuðmáli.

Ljóst er, að breytingar á bótaákvæðum Lífeyrissjóðs sjómanna verða mjög háðar því, hve miklar tekjur unnt verður að tryggja sjóðnum. Iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, um 10% af föstum launum, hrökkva skammt til að standa undir skuldbindingum, heldur eru það ákvæði 25. gr. laga nr. 29/1963 um endurgreiðslu verulegs hluta lífeyrisins úr ríkissjóði, sem tryggja gildi bótaákvæðanna. Þannig nam lífeyrir árið 1970 99.2 millj. kr., en af þeirri fjárhæð endurgreiddu ríkissjóður og ríkisstofnanir 50.4 millj. kr., og er þá alþingismannadeild sjóðsins ekki meðtalin. Fjárhagur Lífeyrissjóðs sjómanna er traustari en fjárhagur fjölmargra annarra lífeyrissjóða vegna þess, hve margir hafa hætt þátttöku í sjóðnum og skilið eftir hluta vinnuveitenda. Almenn aðild launþega að lífeyrissjóðum verður væntanlega til þess, að mjög dregur úr slíkum tekjum, en engu að síður tel ég fært að gera breytingar á bótaákvæðum, sem verða lífeyrisþegum til verulegra hagsbóta á næstu árum. Um ráðstafanir til frekari eflingar sjóðnum var ekki fjallað í þingsályktuninni, en þær geta verið fólgnar í bættri ávöxtun, hækkun iðgjalda eða ábyrgð og endurgreiðslum á lífeyri, annaðhvort af hálfu vinnuveitenda eða ríkissjóðs. Um síðastnefndu leiðina áttu sér á árinu 1968 stað viðræður milli félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, og í bréfi hins síðarnefnda, dags. 30. september 1968, var tekið fram, að fjármálaráðuneytið teldi ekki fært að taka neinar kvaðir á ríkissjóð í sambandi við lagaendurskoðunina. Þá kemur það fram í athugasemdum við 10. gr., að fremur hefur verið rætt um að draga úr iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en auka þær.

Meðfylgjandi lagafrumvarp er samið með hliðsjón af framangreindum atriðum annars vegar og þróun lífeyrissjóðsmála hér á landi undanfarin ár hins vegar. Frá ársbyrjun 1970 hefur allur þorri íslenskra launþega átt aðild að lífeyrissjóðum. Hljóta samskipti sjóðanna að aukast mjög í framtíðinni, og má gera ráð fyrir, að Lífeyrissjóður sjómanna muni eiga veruleg samskipti við hina nýju sjóði verkalýðsfélaga fyrir höndum.

Breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, eru í höfuðatriðum þessar:

1. Verðtrygging lífeyris.

Óumdeilanlegt er, að höfuðvandamál íslenskra lífeyrissjóða er vanmáttur þeirra til að tryggja verðgildi lífeyrisgreiðslna. Þeir sjóðir, sem veita slíka verðtryggingu hafa yfirleitt hlutaðeigandi vinnuveitendur, svo sem ríki, bæjarfélög o. fl., að bakhjarli, og taka þessir aðilar á sig stórkostlegar skuldbindingar með ábyrgð sinni. Í nær öllum reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaga er gert ráð fyrir takmarkaðri verðtryggingu tiltekið tímabil í senn með hliðsjón af fjárhagsgetu hlutaðeigandi sjóðs hverju sinni. Sama hugmynd kom fram í greinargerð minni frá 17. júlí 1967 um hag Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Þar sem sjóður þessi verður að teljast traustur í samanburði við flesta aðra lífeyrissjóði hér á landi og enn eru lífeyrisþegar hans tiltölulega fáir, er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að allar elli-, örorku- og ekkju- lífeyrisgreiðslur, sem úrskurðaðar hafa verið, miðist við kauplag 1967—1971 frá 1. janúar 1972 að telja, og síðan verði sjálfkrafa hækkun árin 1973 og 1974, en frá árslokum 1974 verði teknar ákvarðanir um áframhaldandi hækkunir fyrir 5 ára tímabil í senn með hliðsjón af afkomu sjóðsins.

2. Stigakerfi í stað 10 ára meðaltals launa.

Miklar hækkanir kaupgjalds og verðlags hafa valdið því, að sú algenga regla að miða lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans hefur orðið óvinsæl, enda reynast lífeyrisgreiðslur oft harla lágar, þegar eftir henni er farið. Þá hafa sjómenn, einkum yfirmenn, bent á, að með því að fara eftir þessari reglu njóti menn þess á engan hátt við ákvörðun ellilífeyris, þótt þeir hafi fyrr á starfsævinni greitt mun hærri iðgjöld en sjóðfélagar almennt. Við þetta bætist, að nú eru ákvæði um iðgjaldagreiðslur mjög mismunandi eftir því, hvort bátasjómenn eða togarasjómenn og farmenn eiga í hlut, og ræður það því miklu um lífeyrisréttindi, á hvers konar skipum menn hafa starfað síðustu 10 starfsárin. Til þess að ráða bót á þessum annmörkum núgildandi lagaákvæða er í frumvarpinu gert ráð fyrir umreikningi iðgjalda hvers almanaksárs í stig í því skyni, að áunnin réttindi fari eftir verðgildi iðgjaldanna, eins og það var, þegar þau voru innt af hendi. Nær allir hinir nýju lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga nota slíkan stigagrundvöll.

3. Biðtímaákvæði.

Samkvæmt frumvarpinu er krafist 5 ára iðgjaldagreiðslutíma til þess, að um rétt til ellilífeyris geti orðið að ræða, 3 ára tíma í sambandi við örorkulífeyri, 6 mánaða tíma í sambandi við makalífeyri, en barnalífeyrir verður greiddur án tillits til iðgjaldagreiðslutíma. Samkvæmt núgildandi lögum er 10 ára lágmarkstími höfuðregla, en undantekning er gerð, þegar um er að ræða barnalífeyri og örorkulífeyri, ef rekja má örorkuna til starfs þess, sem sjóðfélagi gegndi.

4. Lækkun aldursmarks ellilífeyrisþega.

Gert er ráð fyrir heimild til að hefja töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur, þó ekki fyrr en frá 60 ára aldri, að uppfylltum tveimur skilyrðum, annars vegar, að sjóðfélagi hafi lengi stundað sjómennsku, og hins vegar, að ekki sé langt síðan hann hætti störfum á sjó.

Um ofangreind atriði og aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast, skirskotast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Til glöggvunar á því, hver áhrif samþykkt frumvarpsins mundi hafa á lífeyrisgreiðslur til núverandi lífeyrisþega, skulu nefnd þrjú dæmi. Ellilífeyrisþegi, sem hætti störfum skömmu eftir stofnun sjóðsins, og á nokkurn rétt samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, fær nú um 8 þús. kr. á ári, en fengi um 45 þús. kr. árið 1972. Frestunarhækkun er hér reiknuð í samræmi við ákvæði 4. málsg. 12. gr. frumvarpsins, þótt um eiginlega frestun á töku lífeyris hafi að sjálfsögðu ekki getað verið að ræða fyrr en eftir stofnun sjóðsins. Annar ellilífeyrisþegi, sem hóf töku lífeyris árið 1970 og á að mestu leyti rétt í samræmi við iðgjaldagreiðslur, en einnig að nokkru samkvæmt bráðabirgðaákvæðunum, mundi fá hækkun úr 38 þús. í 81 þús. á ári. Loks má nefna ekkju, sem hóf töku lífeyris árið 1969, en lífeyrir hennar mundi hækka úr 23 þús. kr. í 61 þús. kr. á ári. Tvö börn hennar njóta einnig lífeyris úr sjóðnum.

Enn þá eru lífeyrisþegar sjóðsins svo fáir, að þrátt fyrir framangreindar hækkunir yrðu útgjöld sjóðsins mjög lítil næstu ár. Árið 1970 námu lífeyrisgreiðslur 1577 þús. kr., en af þeirri fjárhæð endurgreiddi ríkissjóður 464 þús. kr. Þótt um fjórföldun þessa ríkissjóðsframlags gæti orðið að ræða, lít ég svo á, að sú aukning sé einungis eðlileg samræming þeirra skuldbindinga, sem ríkissjóður hefur áður tekið á sig, við kauplag nú, sbr. áðurnefnt bréf fjármálaráðuneytisins.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur lýst stuðningi sínum við frumvarpið í meginatriðum, en frestaði þó að taka afstöðu til 2. og 10. gr. Verður nánar að þessu vikið í athugasemdum við þær greinar, og enn fremur verður í athugasemdum hér á eftir dregið á hugmyndir, sem fram hafa komið við meðferð málsins.

B. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Grein þessi er í meginatriðum samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Ákvæði um aðild bátasjómannanna í lögum nr. 59/1970 voru sniðin eftir áður nefndu samkomulagi frá 11. febrúar 1969. Jafnframt tók nefnd sú, sem samdi lagafrumvarpið, fram, að athuga bæri við heildarendurskoðun laganna, hvort ekki væri unnt að stytta til muna ákvæði 3. gr. laganna með því að fella niður þá upptalningu, sem felst í 2. málsg. og tryggja átti, að ekki væri farið út fyrir ramma samkomulagsins. Með hliðsjón af þessu lagði ég fyrir sjóðstjórn tillögu um, að í stað 1. og 2. málsg. 3. gr. laganna kæmu svo hljóðandi ákvæði:

Sjóðfélagar eru allir þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslensk skip, 12 lesta eða stærri, sbr. þó 2. og 3. málsg.

Undanskildir þátttöku í sjóðnum eru yfirmenn varðskipa og strandferðaskipa ríkissjóðs, sem tryggðir skulu í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt lögum um þann sjóð, og þeir yfirmenn annarra farskipa, sem samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага og útgerðarmanna skulu tryggðir í öðrum lífeyrissjóðum, sem hlutaðeigandi skipafélög eru aðilar að.

Sjómenn á skipum, öðrum en togurum, farskipum og varðskipum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skulu undanskildir þátttöku í þessum sjóði, ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara tekið ákvörðun um slíka undanþágu, sbr. 2. málsg. 3. gr. laga nr. 78 1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga, sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna lagðist eindregið gegn þessu orðalagi, þar sem enn hefði ekki verið samið um lífeyrisréttindi til handa sjómönnum, sem stunda handfæraveiðar o. fl., svo sem áhöfnum rækjubáta og sanddæluskipa. Einnig var hann andvígur því, að 4 mánaða undanþágan í 2. málsg. yrði felld niður, nema áður hefði verið um slíkt samið. Samkomulag varð um það í stjórn sjóðsins, að hún frestaði að taka afstöðu til þessarar greinar í trausti þess, að samkomulag næðist milli sjómanna og útvegsmanna um þessi atriði. Að svo búnu máli hef ég í frumvarpinu haldið núgildandi ákvæðum óbreyttum í þessum efnum.

Við setningu laga nr. 59/1970 var um það deilt, hvort allir bátasjómenn, sem öðluðust lífeyrisréttindi í ársbyrjun 1970, skyldu vera í Lífeyrissjóði sjómanna. Var sett í lögina ákvæði þess efnis, að ráðherra skyldi ákveða, að bátasjómenn, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skyldu vera utan við sjóðinn, ef félög sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum óskuðu þess og forsvaranlega væri frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið. Telja verður, að mál þetta sé nú til lykta leitt og sé því rétt að miða lagaákvæðið við ástand, eins og það er nú, en gera ekki ráð fyrir heimild fyrir sjómenn til að kljúfa sig út úr þeim sjóðum, sem þeir hafa þegar gerst aðilar að. Lífeyrissjóðsmál bátasjómannanna eru nú með þeim hætti, að í Vestmannaeyjum og á Vestfjörðum eru allir í lífeyrissjóðum hlutaðeigandi byggðarlaga, en á Austurlandi og Norðurlandi vestra eru undirmenn í byggðarlagasjóðum, og gert er ráð fyrir, að Hólmavík og Kaldrananeshreppur fylgi Norðurlandi vestra í þessu efni. Hef ég miðað orðalag 2. málsg. við, að þessi skipan haldist.

Breytingar á ákvæðum um heimild til þátttöku og áframhaldandi þátttöku í sjóðnum eru gerðar að fengnum ábendingum frá fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna.

Um 3.—7. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 4.—8. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að tilvitnanir í lög í 4. og 8. gr. laga hafa verið leiðréttar.

Um 8. gr.

Ákvæði 2. málsg. um athugun á möguleikum sjóðsins til að greiða uppbætur á lífeyri til samræmis við kaupgjaldshækkanir er nýmæli. Er gerð nánari grein fyrir þessu atriði í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 10. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Við umræður um þessa grein í stjórn sjóðsins var því hreyft af hálfu vinnuveitenda, að iðgjöld togarasjómanna og farmanna yrðu framvegis látin miðast við tiltekna mánaðarlegar fjárhæðir með sama hætti og iðgjöld bátasjómanna nú. Með tilliti til væntanlegra samningaviðræðna frestaði stjórnin að taka afstöðu til þessa máls, sbr. það, sem að framan er sagt í athugasemdum við 2. gr. Í tillögum mínum hef ég miðað við óbreyttar reglur að þessu leyti.

Fellt er niður ákvæði um 30 ára hámark iðgjaldagreiðslutíma. Þessi breyting hefur þann kost, að hún er því meira virði fyrir sjóðinn, sem kauphækkanir eru örari og meiri, og eykur hún því líkur fyrir því, að unnt reynist að greiða í framtíðinni uppbætur á lífeyri samkvæmt 16. gr. Þar eð sjóðurinn hefur enn ekki starfað nema 13 ár, er langt þar til ákvæði þetta hefur áhrif í framkvæmd.

Í núgildandi lögum eru ekki ákvæði um vexti af ógreiddum iðgjöldum, en ákvæði frumvarpsins um þetta efni er samhljóða tilsvarendi ákvæði í reglugerð hinna nýju sjóða verkalýðsfélaga.

Um 11. gr.

Um stigakerfið er rætt í almennum athugasemdum hér að framan. Dagvinnu-taxti Dagsbrúnarmanna hefur verið valinn sem grundvöllur, er sýna skal almennar kaupbreytingar, þar eð erfitt virðist að finna betri mælikvarða í kjarasamningum sjómanna, er hentað gæti jafnt undirmönnum sem yfirmönnum á öllum skipum. Það er kostur við þennan grundvöll, að hann er notaður af fjölmörgum öðrum lífeyrissjóðum og auðvelt er að reikna hann langt aftur í tímann.

Um 12. gr.

Af 2. málsg. leiðir, að maður, sem haft hefur jafnar tekjur í hlutfalli við grundvallarlaun 11. gr. allan iðgjaldagreiðslutíma sinn, fær eftir 30 ára iðgjaldagreiðslutíma 51% af meðallaunum síðustu 5 starfsárin í stað 50% af meðallaunum 10 ára samkvæmt núgildandi lögum.

Í 3. málsg. er heimild til að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur, ef sjóðfélagi hefur stundað sjómennsku 15 ár eða lengur, þar af a. m. k. 5 ár eftir 50 ára aldur. Sérákvæði þetta er því ætlað þeim, sem lengi stunda sjómennsku og koma sér ekki fyrir í starfi í landi allöngu áður en eftirlaunaaldri er náð.

Á árinu 1969 bárust stjórn sjóðsins samhljóða tillögur frá skipverjum á allmörgum togurum þess efnis, að aldursmarkið yrði lækkað úr 65 í 60 ár. Í viðræðum við fulltrúa sjómanna kom fram áhugi á að ganga enn lengra og lækka aldursmarkið í 55 ár, og virðast það einkum vera yfirmenn á togurum, sem þess óska. Með hliðsjón af því, að sjóðurinn hefur enn þá ekki starfað nema 13 ár og lífeyrisgreiðslur verða því enn um sinn takmarkaðar sökum hins skamma réttindatíma, hef ég ekki talið tímabært að ganga lengra en gert er í 3. málsg., og enn fremur óttast ég, að fortakslaus heimild til að hefja töku lífeyris við 55 eða 60 ára aldur yrði notuð af ýmsum á sama hátt og heimild núgildandi laga til úrgöngu úr sjóðnum, þ. e. án tillits til afleiðinga síðar. Þess má geta, að hin tilgreinda lækking, 0.3%

fyrir hvern mánuð, sem vantar á 65 ára aldur, er við það miðuð, að einungis hluti sjóðfélaga uppfylli hin settu skilyrði og notfæri sér heimildina, en ég tel lækkunina þurfa að vera 0.4% fyrir hvern mánuð, ef heimildin ætti að vera fortakslaus.

Um 13. gr.

Ákvæðin um örorkulífeyri eru í samræmi við ákvæði hjá hinum nýju lífeyris-sjóðum verkalýðsfélaga. Fyrir stofnun þeirra var algengast, að því aðeins væri tekið tillit til framtíðarréttinda við úrskurðun örorkulífeyris, að rekja mætti örorkuna til starfs sjóðfélagans. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkri takmörkun, og felst mikil réttar-bót í þeirri breytingu. Undantekning er þó gerð, ef rekja má orkutap til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fiknilyfja.

Biðtími er almennt stytur úr 10 árum í 3 ár, en jafnframt er fellt niður sér-ákvæði núgildandi laga um örorku, sem má rekja til starfsins.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir gerbreyttum ákvæðum um makalífeyri frá því, sem nú gildir. Biðtími er stytur úr 10 árum í 6 mánuði, tekið er tillit til framtíðarréttinda, en í stað þess að miða lífeyri við liðinn iðgjaldgreiðslutíma fer lífeyrisréttur eftir að-stæðum hins eftirlifandi maka, aldri hans, hjúskapartíma og fjölskyldu.

Um 15. gr.

Hjá hinum nýju verkalýðssjóðum er yfirleitt gert ráð fyrir 6 mánaða biðtíma sem skilyrði fyrir rétti til barnalífeyris. Samkvæmt gildandi lögum er enginn slíkur biðtími hjá Lífeyrissjóði sjómanna, og þótti ekki rétt að gera breytingu í þessu efni. Þá er gert ráð fyrir greiðslu barnalífeyris til 18 ára aldurs, en nú er aldursmarkið 16 ár.

Um 16. gr.

Um upphætur á lífeyri vegna kaupgjaldshækkana skirskotast til almennra at-hugasemda hér að framan.

Um 17. gr.

Með styttingu biðtíma er aukin þörf fyrir ákvæði um það, hverjar afleiðingar það hefur, ef iðgjöldum er ekki skilað til sjóðsins.

Um 18. gr.

Í ákvæðinu um, að endurgreiðsla iðgjalda geti ekki átt sér stað, ef áunnin stig nema fullum 5 stigum, felst aukin takmörkun á rétti til endurgreiðslu og afsals lífeyris-réttinda. Meiri ástæða er til að takmarka endurgreiðslur, eftir að allur þorri laun-þega hefur öðlast aðild að lífeyrissjóðum, og er raunar lítið samræmi í almennri þátttökuskyldu, hvar sem menn starfa, og frelsi til afsals réttinda, ef skipt er um starf. Árið 1969 barst stjórn sjóðsins erindi frá sjóðfélaga annars lífeyrissjóðs um undanþágu frá 9 mánaða ákvæðinu, ef í hlut ættu menn, sem jafnframt eru tryggðir annars staðar. Með breyttum bótaákvæðum er minni ástæða en áður til að gera slíka breytingu.

Um 19. gr.

Núgildandi ákvæði um flutning lífeyrisréttinda eru í 19. og 20. gr. laganna. Fellt er niður ákvæði 20. gr. laganna um hlutdeild í ágóða, þar eð það hefur ekki verið framkvæmt vegna vandkvæða, sem talin hafa verið á framkvæmd þess. Þá er sleppt ákvæði um uppgjör vegna flutnings farmanna úr sjóðum skipafélaga árið 1962, en þeim flutningi er nú að sjálfsögðu lokið.

Um 20. gr.

Tilsvarandi ákvæði er í reglugerðum hinna nýju sjóða verkalýðsfélaga. Æskilegt getur verið fyrir Lífeyrissjóð sjómanna að gerast aðili að hugsanlegu samkomulagi

án þess, að lagabreytinga sé þörf af því tilefni. Í umræðum í stjórn sjóðsins var m. a. vakið máls á nauðsyn þess, að félagar í Lífeyrissjóði sjómanna gætu greitt iðgjöld sín til þess sjóðs, þótt þeir væru um stundarsakir lögskráðir á svæði annars sjóðs. Hér verður um gagnkvæmt vandamál að ræða, sem æskilegt er að fá leyst með samkomulagi.

Um 21. og 22. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 21. og 22. gr. laganna.

Um 23. og 24. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. málsg. skirskotast til þess, sem sagt er um verðtryggingu lífeyris í almennum athugasemdum hér að framan, sbr. enn fremur dæmi þau, sem þar eru tilgreind. Ákvæði 2. málsg. er efnislega í samræmi við núgildandi bráðabirgða-ákvæði.